

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. október 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Jóhann Óskar Borgþórsson, Sveinn Sigurbergsson og Ingvar Kristinsson. Forföll: Hörður Þorsteinsson og Þórunn Ansnes.

Dagskrá:

- 1. Samstarfssamningur ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar drög frá 13. sept. 2018**
Stjórn ÍBH samþykkir samninginn.
- 2. Nýjar iðkendatölur til útreikninga á skiptingu tekna frá Íslenskri Getspá – tekið fyrir að nýju**
Tölurnar samþykktar. Iðkendur eru samtals 14.839 í aðildarfélögum ÍBH, stúlkur yngri en 18 ára eru 3872, drengir yngri en 18 ára eru 4960, konur 18 ára og eldri eru 1818 og karlar 18 ára og eldri eru 4189.
- 3. Persónuverndarstefna ÍBH, vinnsluskrár ÍBH og vinnslusamningar ÍBH**
Drög lögð fram til kynningar og umræðna. Ákveðið að ÍBH hafi samband við persónuverndarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar til samstarfs og ráðgjafar fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.
- 4. Námskeið Verndari barna fyrir starfsfólk íþróttafélaga í Hafnarfirði**
ÍBH hefur í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ sent út bréf á öll aðildarfélögin þar sem þeim er boðið að skrá stjórnarfólk, þjálfara og starfsmenn á námskeiðið. Námskeiðið er á vegum Blátt áfram og er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öflugra fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af festu og ábyrgð. Hægt er að skrá sig á námskeiðið til 10. nóvember nk. hjá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar í netfangið geir@hafnarfjordur.is. Námskeiðið fer fram 14. nóvember nk. og hefst kl. 17.00.
- 5. Viðbragðsteymi ÍBH**
Mynda Hrafnkell Marinósson sem er formaður, Magnús Gunnarsson og Þórunn Ansnes. Nánari upplýsingar um viðbragðsteymi ÍBH eru á heimasíðu ÍBH www.ibh.is.
- 6. Bréf til aðildarfélaga ÍBH um stofnun viðbragðsteyma**
Lagt fram til kynningar. Bréfið var sent á aðildarfélög ÍBH 24. september sl. Um er að ræða einfaldar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarfélögin við að stofna viðbragðsteymi innan félagsins og vinnuferlið sem fer í gang við óvæntum atburðum.
- 7. Áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýsmála**
Lagt fram til kynningar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur frumvarpið fram. Málefni, lagt er til að stofnað verði tímabundið til starfs samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs með heildarlöggjöf. Einnig er lagt til ákvæði um að óheimilt

verði að ráða einstaklinga til starfa hjá Íþróttafélögum eða þiggja framlag þeirra sem sjálfboðaliða hafi þeir hlotið refsisdóm fyrir kynferðisbrot.

8. Tillögur um fundarefni fulltrúaráðsfundar ÍBH 24. nóvember nk.

Lagt fram til umræðna.

9. Staðan á starfandi nefndum innan stjórnar ÍBH

Farið yfir nefndirnar og helstu málefni sem unnið er að.

10. Tillögur að nýjum nefndum innan stjórnar ÍBH

Samþykkt að skipa nefnd um fjármögnun íþróttafélaga. Hana skipa Ragnar Hilmarsson, Ingvar Kristinsson, Viðar Halldórsson og Magnús Gunnarsson.

11. Önnur mál

a). SS lagði fram þá fyrirspurn til fundarmanna hvort íþróttafélögin finndu fyrir minni stuðningi fyrirtækja við íþróttastarfið? Almennt var svarið já. Íþróttafélögin eru m.a. að missa styrktarsamninga sem þau eru búin að vera með í langann tíma.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.